

## Punkturinn 3. tbl. 2011 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu 3. tbl. Punktsins er fjallað um mörg mismunandi álitaefni, bæði skattaleg og á sviði félagaréttar. Í fyrsta lagi er vert að minnast á að Deloitte hf. hefur fengið viðurkenningu frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands til að meta og gera úttekt á fyrirtækjum sem vilja fá viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Þetta er góð leið fyrir stjórnendur til að gera úttekt á sínu fyrirtæki, til að tryggja að verkferlar séu í lagi og eftirlit sé eðlilegt. Í öðru lagi má nefna dóm Hæstaréttar í svokölluðu Mótormax máli þar sem um gengislán var að ræða, en ágreiningurinn laut að viðurkenningu kröfu í þrotabú Mótormax ehf. Meginreglan er eftir sem áður að óheimilt er að miða við erlent gengi í lánnum.

Í þriðja lagi er vert að minnast á ítarlega umfjöllun um breytingar á samkeppnislögum, þar sem verulega eru auknar heimildir Samkeppniseftirlitsins til inngripa í félög og skipta þeim upp ef svo ber undir. Þessar heimildir geta verið svo íþyngjandi að spurningar vakna um lögmæti þeirra aðgerða sem farið verður í á grundvelli þeirra. Lagaheimildin er óskýr og ekki takmörkuð, en áður hefur Hæstiréttur bent á að valdheimild af þessum toga verði að vera skýr. Þessar heimildir eru að auki matskenndar og lúta anda samkeppnisfirvalda, en byggjast ekki á hlutlægu mati eða að fyrirtækið sem í hlut á hafi brotið af sér; það er ekki lengur skilyrði.

Er það von okkar á Skatta- og lögfræðisviði að lesendur hafi gagn af þessum lestri og erum við ávallt reiðubúin að aðstoða ef spurningar vakna.

- **Deloitte hf. hefur fengið viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands, til að taka út stjórnarhætti fyrirtækja svo þau geti fengið viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum.** Sjá umfjöllun á bls. 2.
- **Breytingar á samkeppnislögum veita Samkeppniseftirlitinu verulega auknar valdheimildir til aðgerða, sem byggja á matskenndum ákvörðunum, en ekki brotum fyrirtækis. Lagt verður á samrunagjald og sérstakt málskotsgjald til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála hefur verið innleitt. Samkeppniseftirlitið hefur nú sjálfstæða lögvarða hagsmuni af áfrýjun máls til dómstóla, þvert á meginreglu stjórnsýsluréttar.** Sjá umfjöllun á bls. 2.
- **Heimilt að kyrretja eignir til að tryggja skattkröfur vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, virðisaukaskattslögum, tekjuskattslögum og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.** Sjá umfjöllun á bls. 3.
- **Óheimilt er að semja um lakari kjör um greiðslu launa í uppsagnafresti en kveður á um í kjarasamningi. Við útreikning meðaltals launa skal miða við hvern almanaksdag en ekki lögskráningardaga eins og farið var fram á í málinu.** Sjá umfjöllun á bls. 3.
- **Heimilt er að gjaldfæra keypt aflamark, þrátt fyrir að það sé keypt samhliða aflahlutdeild. Ekki er þó heimilt að gjaldfæra allt aflamarkið á kaupári þess, þar sem það getur gengið til þess að afla tekna á næstu árum á eftir.** Sjá umfjöllun á bls. 3.
- **Bresku félagi með ótakmarkaðri ábyrgð ekki heimill frádráttur arðstekna frá íslensku félagi, þar sem það féll ekki undir skilgreiningu tekjuskattlaganna á þeim félögum sem er frádrátturinn heimill. Í beiðni um bindandi álit Ríkisskattstjóra er mikilvægt að skýrt komi fram hvert sé það lögfræðilega álitaefni sem óskað er álits á og skera þarf úr.** Sjá umfjöllun á bls. 4.
- **Óheimilt að draga frá reiknuðum fjármagnstekjum tapaðar fjármagnstekjur og neikvæða vexti af seldum verðbréfum. Hvergi í skattalögum er að finna ákvæði sem heimilar slíka uppgjörsaðferð.** Sjá umfjöllun á bls. 4.
- **Ef lán er ákveðið í íslenskum krónum, það endurgreitt í íslenskum krónum af íslenskum tékkareikningi, þá er lánið að mati héraðsdóms ólöglegt ef það er bundið gengi erlendra gjaldmiðla. Af dóminum má að auki ráða að engu skipti hvort um lögaðila eða einstaklinga er að ræða, þegar leggja skuli mat á hvort lán tengdum gengi erlendra gjaldmiðla séu lögmæt eður ei.** Sjá umfjöllun á bls. 5.
- **Ríkisskattstjóri hefur birt leiðbeiningar vegna skattskila hvað varðar skiptingu arðgreiðslu í arð og laun.** Sjá umfjöllun á bls. 5.



## Deloitte hf. metur "Fyrirmyndarfyrirtæki" í góðum stjórnarháttum. Er þitt fyrirtæki til fyrirmyndar?

*Deloitte hf. hefur fengið viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands, til að taka út stjórnarhætti fyrirtækja svo þau geti fengið viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum.*

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, NASDAQ OMX á Íslandi og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman til að bæta eftirfylgni fyrirtækja við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi hafa þessir aðilar undirritað samstarfssamning sem felur í sér að öllum fyrirtækjum gefst tækifæri, til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda.

Deloitte hf., sem Rannsóknarmiðstöðin hefur metið hæft til að annast óháð mat, hefur með höndum söfnun gagna, viðtöl við stjórnarmenn og skýrslugerð til Rannsóknarmiðstöðvarinnar, sem veitir endanlega staðfestingu á hvort fyrirtækið uppfyllir skilyrði þess að vera í hópi fyrirmyndarfyrirtækja í góðum stjórnarháttum. Deloitte hf. hefur sett saman sérstakt teymi sem hefur umsjón með þessari úttekt, en í úttektinni starfa lögmennt, löggiltir endurskoðendur og sérfræðingar í innri endurskoðun fyrirtækja.

Allar frekari upplýsingar veitir Pétur Steinn Guðmundsson lögfræðingur á Skatta- og lögfræðisviði Deloitte hf., í síma 580-3000 eða á netfangið :

**petur.steinn.gudmundsson@deloitte.is**

## Lög nr. 14/2011, um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005

*Breytingar á samkeppnislögum veita Samkeppniseftirlitinu verulega auknar valdheimildir til aðgerða, sem byggja á matskennendum ákvörðunum, en ekki brotum fyrirtækisins. Lagt verður á samrunagjald og sérstakt málskotsgjald til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála hefur verið innleitt. Samkeppniseftirlitið hefur nú sjálfstæða lögvarða hagsmuni af áfrýjun máls til dómstóla, þvert á meginreglu stjórnsýsluréttar.*

Í febrúar s.l. voru samþykkar á Alþingi fjórar umdeildar breytingar á samkeppnislögum. Í

fyrsta lagi er kveðið á um að með kæru til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli fylgja málskotsgjald, að upphæð kr. 200.000, sem endurgreiðist ef málið vinnst fyrir nefndinni. Í öðru lagi er kveðið á um heimild Samkeppniseftirlitsins til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Í þriðja lagi er kveðið á um innheimtu sérstaks samrunagjalds að upphæð kr. 250.000, sem greiða skal fyrir hverja samrunatilkynningu. Í fjórða lagi er kveðið á um heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum Áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla.

Verður nú fjallað með ítarlegri hætti um laga-breytingarnar og þá gagnrýni sem breytingar-tillögurnar hlutu við meðferð frumvarpsins á Alþingi.

### Málskotsgjald

Málskotsgjaldinu er ætlað að stuðla að skilvirkni og tryggja að fyrirtæki taki þátt í þeim kostnaði sem til fellur vegna starfa áfrýjunarnefndarinnar. Þar sem mál fara fyrir nefndina varða ávallt atvinnustarfsemi þá eru sjaldnast einstaklingar aðilar máls og eiga því neytendasjónarmið ekki við hvað málskot til æðra stjórnvalds varðar. Er því réttlætunlegt að málsaðilar taki þátt í kostnaði af umfjöllun nefndarinnar.

Í meðferð Alþingis kom fram gagnrýni að mikilvægt væri að gjaldtaka vegna meðferðar samkeppnismála væri hófleg. Sérstaklega í ljósi þess að mörg íslensk fyrirtæki eiga í miklum rekstrarvanda sem ekki sér fyrir endann á. Einnig var bent á að málskotsgjaldið væri hærra en t.d. áfrýjunargjald til Hæstaréttar en þar geta hæstu gjöld numið 130.000 kr.

### Auknar heimildir Samkeppniseftirlitsins til aðgerða

Með lögnum var Samkeppniseftirlitinu veitt rýmri heimild til að grípa til aðgerða til að efla samkeppni, þ.m.t. uppskiptingu markaðsráðandi fyrirtækja, án þess að það þurfi að sýna fram á að viðkomandi fyrirtæki hafi gerst brotlegt við bannreglur samkeppnislaga. Í frumvarpi með lögnum sagði að samkeppnishömlur geti í vissum tilvikum átt rót sína að rekja til samruna eða brota gegn bannreglum samkeppnislaga. Það sé hugsanlegt að fyrirtæki sé í slíkri yfirburðastöðu á

markaði að tilvist þess í óbreyttu formi geti útilokað eða takmarkað að verulegu leyti samkeppni. Þá geti háttsemi fyrirtækja dregið úr virkri samkeppni þrátt fyrir að þessi atriði falli ekki undir bannreglur samkeppnislaga. Í dæmaskyni var nefnd háttsemi fyrirtækja á fákeppnismarkaði sem gerir þeim auðveldara að stunda þegjandi samhæfingu án þess þó að í háttseminni felist samskipti milli þeirra sem falli undir bann við ólögsmætu samráði. Sú röskun sé jafn alvarleg fyrir neytendur og brot á bannreglum laganna. Er nýja úrræðinu ætlað að koma til viðbótar bannreglunum til að bregðast við hverskonar háttsemi eða aðstæðum sem takmarka samkeppni og skaða þar með kjör almennings.

Í meðferð Alþingis á frumvarpinu, var andstaðan mest við þá heimild Samkeppniseftirlitsins að skipta upp fyrirtækjum eða fyrirskipa breytingar á skipulagi þeirra án þess að þau hafi gerst sek um brot á samkeppnislögum. Með heimildinni er eftirlitinu gert kleift að grípa til afskipta á grundvelli „aðstæðna“ en ekki eingöngu á grundvelli háttsemi, eins og skilyrðið var áður. Heimild til uppskiptingar á grundvelli „aðstæðna“ er afar matskennd og veitir eftirlitinu umfangsmikla heimild sem geta reynst fyrirtækjum sem heimildinni er beitt gegn, afar íþyngjandi. Til að veita Samkeppniseftirlitinu svo víðtæka og íþyngjandi heimild, þarf valdheimildin að vera skilgreind með skýrum hætti í lögnum, svo ekki fari á milli mála við hvaða aðstæður henni kunni að vera beitt.

Einnig er óvíst að heimild til uppskiptingar standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hæstaréttur Íslands hefur fjallað um ágreiningssefni af þessum toga í máli nr. 15/2000, Stjórnugrís hf. gegn íslenska ríkinu. Þar var tekist á um heimildir löggjafans til að framselja vald til handhafa framkvæmdarvaldsins.

Heimild Samkeppniseftirlitsins er sambærileg þeirri valdheimild. Í niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindu máli segir, „Í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um friðhelgi eignarréttar og í 75. gr. hennar um atvinnufrelsi [...] Má hvorugt skerða nema með lagaboði að því tilskildu, að almenningsþörf krefji. Þessi fyrirmæli stjórnarskrárinnar verða ekki túlkuð öðruvísi en svo, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdarvaldshöfum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem

*talin er nauðsynleg. [...] Svo viðtækt og óheft framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdarvaldsins stríðir gegn framangreindum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og er ólögmeðt.*

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar má leiða að því líkum að sú heimild sem Samkeppniseftirlitinu er gefin, sé í andstöðu við framangreind ákvæði stjórnarskrárinnar.

Í meðferð Alþingis var einnig bent á að uppskiptingarheimildin geti rýrt framtíðarverðmæti íslenskra fyrirtækja og dragi úr líkum á því að þau gangi kaupum og sölum í íslensku viðskiptalífi. Líkur eru á að kaupendur og fjárfestar fælist frá fjárfestingum í fyrirtækjum ef von geti verið á því að þeim verði skipt upp eftir að kaupin eiga sér stað.

Með lögnum er Samkeppniseftirlitinu einnig gert kleift að grípa til aðgerða gegn brotum fyrirtækja gegn sáttum eða ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar á grundvelli laganna. Mikilvægt er að fyrirtæki geti treyst því að þegar stjórnvald hefur tekið ákvörðun, sé hún endanleg og verði ekki breytt af hálfu þess síðar, nema almenn skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi eða ákvörðuninni hnekk af æðra stjórnvaldi eða dómstólum. Samkeppniseftirlitið hefur því heimild umfram önnur stjórnvöld, til að bæta við eða breyta eldri ákvörðunum án þess að skilyrðum stjórnsýslulaga um endurupptöku eða afturköllun séu fyrir hendi.

### Samrunagjald

Samrunagjaldið var ákveðið kr. 250.000, fyrir hvern samruna sem tilkynntur er. Gjaldið er óháð stærð þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma eða þeirri vinnu sem eftirlitið innir af hendi vegna hans. Er það því í engu samhengi við umfang samruna eða vinnuframlagi starfsmanna eftirlitsins. Ísland er fyrst Norðurlandanna til að innleiða samrunagjald.

### Málskotsheimild Samkeppniseftirlitsins

Með breytingarlögnum var Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla. Í frumvarpi með lögnum kemur fram að sú staðreynd að Samkeppniseftirlitið hafi ekki málskotsrétt takmarki möguleika eftirlitsins til að gæta hagsmuna almenningsí samkeppnismálum. Hlutverk eftirlitsins sé

að vernda lögvarða almannahagsmunum sem felast í virkri samkeppni og því óeðlilegt ef eftirlitið geti ekki gætt þeirra hagsmuna til sóknar fyrir dómstólum.

Í meðferð Alþingis kom helst fram sú gagnrýni að með því að veita Samkeppniseftirlitinu þessa heimild sé verið að víkja frá þeirri meginreglu íslensks stjórnsýsluréttar að lægra settu stjórnvaldi beri að hlíta ákvörðunum æðra setts stjórnvalds og geti af þeirri ástæðu ekki hlutast til um að fá úrskurðum æðra stjórnvaldsins hnekk fyrir dómstólum. Í stjórnsýslurétti sé almennt talið að lægra sett stjórnvöld hafi ekki lögvarða hagsmunum af því að geta borið mál undir dómstóla. Engin haldbær rök hafa komið fram um að víkja frá þessari meginreglu og vegna þessarar heimildar geta fyrirtæki verið lengur í réttaróvissu eftir að máli er lokið á stjórnsýslustigi.

### Breytingar á ýmsum lögum er veita heimild til kyrrsetningu eigna

*Heimilt að kyrrsetja eignir til að tryggja skattkröfur vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, virðisaukaskattslögum, tekjuskattslögum og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.*

Heimild til kyrrsetningu eigna var sett í tekjuskattslögin árið 2010. Var þá talið að sú heimild tæki einnig til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga um virðisaukaskatt og laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Í dómi Hæstaréttar frá 21. júní 2010, í máli nr. 372/2010, var hins vegar ekki fallist á að almenn tilvísun virðisaukaskattslaga til tekjuskattslaga dygði til að veita lagaheimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota gegn virðisaukaskattslögum, en fjallað var um dóminn í 3. tbl. Punktans árið 2010. Hafa nú verið samþykkt lög sem kveða á um breytingar á þeim lögum sem hér hafa verið nefnd. Er nú heimilt að kyrrsetja eignir til að tryggja skattkröfur vegna brota á ofan greindum lögum.

### Dómur Hæstaréttar nr. 229/2010, frá 10. febrúar 2011. Brim hf. gegn Pétri S. Sigurðssyni

*Óheimilt er að semja um lakari kjör um greiðslu launa í uppsagnarfresti en kveður á um í kjarasamningi. Við útreikning meðaltals*

*launa skal miða við hvern almanaksdag en ekki lögskráningardaga eins og farið var fram á í málinu.*

Málavextir voru þeir að S starfaði sem bátsmaður hjá Brim hf., á skipinu Á. Í byrjun júlí 2008 var honum tilkynnt að rekstri skipsins yrði hætt. Áður en skipið fór í síðustu veiðiferðina skrifaði S undir samkomulag þar sem tekið var fram að S lyki störfum eftir ferðina og B myndi greiða honum kauptryggingu í einn mánuð án þess að krefjast vinnuframlags hans í uppsagnarfresti, enda færi S ekki fram á frekari greiðslur frá B vegna starfslokanna.

Í málinu krafðist S greiðslu vangreiddra launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að fyrrgreint samkomulag um greiðslu launa í einn mánuð í uppsagnarfresti væri lakari kjör en kjarasamningur kvað á um og því ógilt af þeim sökum skv. 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. S ætti því rétt á launum í þriggja mánaða uppsagnarfresti sem svaraði samkvæmt 9. gr. og 25. gr. sjómannalaga og ákvæðum kjarasamnings til meðallauna í einn mánuð og kauptryggingar aðra tvo, en S hafði þegar fengið greidda kauptryggingu vegna eins mánaðar.

Óumdeilt var með aðilum að meðallaun skyldu reiknast frá heildarlaunum S frá 1. janúar til loka júlí 2008, en hann byggði meðal annars á því að við útreikning þeirra bæri að miða við meðaltal launa við lögskráningardaga, sem voru innan við helmingur þeirra daga sem hann var ráðinn til starfa hjá B, en ekki almanaksdaga. Þessu hafnaði Hæstiréttur og taldi óhjákvæmilegt að beita meðallaunum fyrir hvern almanaksdag á fyrrnefndu sjö mánaða tímabili.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. febrúar 2011, í máli nr. E-4840/2010. Dóri ehf. gegn íslenska ríkinu

*Heimilt er að gjaldfæra keypt aflamark, þrátt fyrir að það sé keypt samhliða aflahlutdeild. Ekki er þó heimilt að gjaldfæra allt aflamarkið á kaupári þess, þar sem það getur gengið til þess að afla tekna á næstu árum á eftir.*

Málavextir voru þeir að Dóri ehf. keypti aflahlutdeild og aflamark með einum og sama kaupsamningi, en verði var skipt á milli þessara

tteggja hluta. Hluti veiðheimildanna voru skráðar á bátinn S, en kaupin tóku einnig til veiðafæra bátsins.

Í skattframtali 2007 og í ársreikningi 2006 eignfærði Dóri ehf. þá aflahlutdeild sem keypt var en færði kostnað við kaupin á aflamarkinu, samtals 45 milljónir króna, til gjalda. Skattstjóri hafnaði hins vegar gjaldfærslu hins keypta aflamarks og leit á það sem hluta af kaupverði aflahlutdeildar.

Dóri ehf. gerði þá kröfu að úrskurður skattstjóra yrði felldur úr gildi og viðurkennt yrði að kaupverð aflamarks samkvæmt kaupsamningnum teldist frádráttarbær kostnaður í skattskilum stefnanda tekjuárið 2006, gjaldárið 2007.

Niðurstaða héraðsdóms var sú að gera ætti greinarmun á aflamarki og aflahlutdeild. Líta ætti á úthlutað aflamark sem sérstakan og tímabundinn rétt fiskiskips til að veiða tiltekið magn af fiskitegund. Það sé því um að ræða tímabundinn nýtingarétt sem rýrnar við notkun. Varanleg aflahlutdeild er hinsvegar réttur sem ekki rýrnar vegna notkunar. Því væri heimilt að gjaldfæra aflamarkið en ekki aflahlutdeildina. Kröfum Dóra ehf. var þó vísað frá dómi, þar sem félagið gerði kröfu um að allt aflamarkið væri gjaldfellt á kaupári aflamarksins. Þar sem aflamarkið gæti í raun gengið til að afla tekna á árinu 2007 og jafnvel á árinu 2008, þá taldi dómurinn sig ekki geta gengið út frá því að Dóri ehf. hafi átt lögvarinn rétt til að draga allan stofn-kostnað af kaupum á aflamarkinu frá tekjum sínum á einu gjaldári, eins og félagið krafðist viðurkenningu á. Var því kröfum félagsins vísað frá dómi.

### Úrskurður yfirsattanefndar nr. 365/2010

*Bresku félagi með ótakmarkaðri ábyrgð ekki heimill frádráttur arðstekna frá íslensku félagi, þar sem það féll ekki undir skilgreiningu tekjuskattslaganna á þeim félögum sem er frádrátturinn heimill. Í beiðni um bindandi álit Ríkisskattstjóra er mikilvægt að skýrt komi fram hvert sé það lögfræðilega álitaefni sem óskað er álits á og skera þarf úr.*

Kærandi skaut bindandi álit Ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar og gerði þær kröfur að álitinu yrði hrundið og staðfest það álit kæranda að arður bresks félags með ótakmarkaðri ábyrgð sem það mottækur frá íslensku félagi, sé frádráttarbær frá arð-

greiðslum þess á grundvelli 9. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt.

Málavextir voru þeir að kærandi sem var félag með skattalega heimilisfesti á Bretlandi, hugðist stofna dótturfélag með ótakmarkaðri ábyrgð á Bretlandi með það fyrir augum að fjárfesta í íslensku einkahlutafélagi. Var óskað eftir bindandi álit Ríkisskattstjóra á því, hvort arður sem hið breska dótturfélag kæranda fengi greiddan frá íslensku einkahlutafélaginu væri frádráttarbær frá arðgreiðslum á grundvelli 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga. Í hinu kærða bindandi álit hafnaði Ríkisskattstjóri því að dótturfélagi kæranda væri slíkur frádráttur heimill vegna arðstekna frá íslensku félaginu þar sem frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. tæki samkvæmt orðalagi sínu einungis til þar greindra félagsforma. Annars vegar næði frádráttarheimildin til hlutaféлага, einkahlutaféлага og samlagshlutaféлага og hins vegar til samvinnuféлага og gagnkvæmra váttryggingarféлага, en ekki til annarra félagaforma, svo sem félaga með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila. Að mati Ríkisskattstjóra félli breskt félag með ótakmarkaða ábyrgð ekki undir skilgreiningu íslensku tekjuskattslaganna á þeim félögum sem heimill er frádrátturinn.

Kærandi taldi að félagið sem ætlunin var að stofna félli undir skilgreininguna. Rökin voru sú að félög með ótakmarkaðri ábyrgð væru skattlögð á sama hátt á Bretlandi og félög með takmarkaðri ábyrgð. Þá væru arðgreiðslur til slíkra félaga undanþegnar tekjuskatti á sama hátt og á Íslandi. Ekki yrði séð að í íslenskum rétti væri við lýði félagaform sem svaraði alfarið til félaga með ótakmarkaðri ábyrgð í breskum rétti.

Í úrskurði yfirsattanefndar er saga umrædds frádráttarákvæðis rakin. Með vísan í þá umfjöllun var það mat nefndarinnar að umrætt dótturfélag í Bretlandi gæti ekki talist til þeirra félagaforma sem ákvæðið vísar til. Breyttu röksemdir kæranda um skattlagningu slíkra félaga í Bretlandi engu þar um.

Kærandi hélt því að auki fram í kæru sinni til yfirsattanefndar að túlkun Ríkisskattstjóra á álitinu mismunaði fjárfestum eftir þjóðerni. Vísaði hann í dóm dómstóls EB í málinu C-303/07 (Aberdeen Property Fininvest Alpha Oy). Sagði kærandi að í dómnum hafi dómstóll EB talið að við ákvörðun þess hvort skattlagning teljist fela í sér mismunun, skuli ekki einungis líta til formlegrar lagalegrar stöðu þess, heldur skuli meðhöndla aðila í sambærilegri stöðu með sambærilegum hætti

í skattalegu tilliti. Í úrskurði yfirsattanefndar segir að þessi málsástæða hefði ekki verið höfð uppi í beiðninni um bindandi álit, en mikilvægt væri að slík beiðni sé þannig úr garði gerð að ekki fari á milli mála hvert sé það lögfræðilega álitaefni sem óskað er álits á og skera þarf úr. Var krafan fyrir yfirsattanefnd að mati nefndarinnar að auki vanreifuð og var niðurstaðan sú að bindandi álit Ríkisskattstjóra hafi ekki á neinn hátt farið í bága við ákvæði EES-samningsins.

Var kröfu kæranda því hafnað.

### Úrskurður yfirsattanefndar nr. 270/2010

*Óheimilt að draga frá reiknuðum fjármagnstekjum tapaðar fjármagnstekjur og neikvæða vexti af seldum verðbréfum. Hvergi í skattalögum er að finna ákvæði sem heimilur slíka uppgjörsaðferð.*

Í málinu var deilt um þá kröfu kæranda að tilgreindar vaxtatekjur vegna sölu hlutdeildarskírteina í peningamarkaðssjóði K, samkvæmt greinagerð um sölu verðbréfa sem fylgdu skattframtali kæranda, væru felldar undan fjármagnstekjuskatti. Kærendur héldu því fram að líta bæri á hlutdeild þeirra í peningamarkaðssjóðnum sem eina eign en ekki sex sjálfstæðar sölur og ætti þeim því að vera heimilt að draga frá heildarhagnaðinum það tap sem þeir urðu fyrir. Vextirnir hafi verið neikvæðir og ætti því ekki að koma til neinnar skattlagningar á vaxtatekjur.

Að mati skattstjóra voru umræddar vaxtatekjur skattskyldar á grundvelli 3. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattlaga, sbr. 8. gr. sömu laga og engin lagaheimild væri til að draga frá skattskyldum vaxtatekjum þá neikvæðu vexti sem kynnu að verða til við innlausn verðbréfa. Heimild til frádráttar skv. 1. mgr. 24. gr. tekjuskattslaga, næði einungis til taps sem skattaðili hafi orðið fyrir vegna sölu samskonar eigna á sama ári og tæki því ekki til neikvæðra vaxtatekna við innlausn verðbréfa.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að framangreind heimild til frádráttar ætti ekki við í tilviki kæranda þar sem það ákvæði ætti einungis við um hagnað af sölu eigna skv. 12-27. gr. tekjuskattslaga. Nefndin tók jafnframt fram að hvergi í skattalöggjöfinni væri að finna sérstaka heimild til slíkrar uppgjörsaðferðar og breytti engu þar um

Þótt umræddar sölur hafi farið fram á ýmsum tímum innan sama árs, enda yrði að líta svo á að um sjálfstæðar sölur hafi verið að ræða. Var kröfum kæranda hvað þetta varðaði því hafnað.

Kærendur gerðu einnig kröfu um að þeim yrði heimilaður mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna skv. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga. Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að við fjórar sölur kæranda á hlutdeildarskírteinum hafi umræddar vaxta-tekjur verið greiddar kærendum sem hluti söluverðs bréfanna og orðið þeim þar með lausar til ráðstöfunar. Við eina innlausn á hlutdeildarskírteinum hafi myndast tap. Nefndin féllst ekki á það með kærendum að mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna ætti við um tap þeirra enda var ekki um að ræða tap á greiðslukröfum fjármagnstekjum í skilningi ofan greinds ákvæðis, heldur tap vegna gengislækkunar við sölu skírteinanna. Var því krafa kæranda ekki tekin til greina.

### Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur frá 23. febrúar 2011, mál nr. X-559/2010, NBI hf. gegn Þ.b. Motormax ehf.

*Ef lán er ákveðið í íslenskum krónum, það endurgreitt í íslenskum krónum af íslenskum tékkareikningi, þá er lánið að mati héraðsdóms ólöglegt ef það er bundið gengi erlendra gjaldmiðla. Af dóminum má að auki ráða að engu skipti hvort um lögaðila eða einstaklinga er að ræða, þegar leggja skuli mat á hvort lán tengdum gengi erlendra gjaldmiðla séu lögmæt eður ei.*

Í þessu máli komu enn sem oftast erlend lán við sögu. Hér er þó athyglivert að um lögaðila er að ræða og þeir lánsamningar sem áttu í hlut hvorki tengdir fasteigna – eða bílalanum. Ágreiningur var um hvort lán sem M ehf. tók samkvæmt lánsamningi árið 2007, væri íslenskt lán með tengingu við erlendan gjaldmiðil eða hvort um væri að ræða lán í erlendri mynt.

Málavextir voru þeir að í mars árið 2007 óskaði M ehf. eftir erlendu láni hjá Landsbanka Íslands hf. (nú NBI hf.). Um fjölmyntalán til fimm ára var að ræða en lánið var greitt inn á reikning lántaka í íslenskum krónum. Árið 2009 var M ehf. tekið til gjaldprotaskipta. Við gjaldfellingu kröfunnar þann dag var hún umreiknuð í íslenskar krónur í samræmi við heimild í lánsamningnum. NBI hf. lýsti kröfu í bú M ehf. Skiptastjóri samþykkti ekki kröfuna

eins og henni var lýst, heldur samþykkti hann hana með tilliti til nýgenginna dóma Hæstaréttar Íslands. Skiptastjóri leit því á framangreint lán sem gengistryggt íslenskt lán, en NBI hf. mótmælti því og taldi að um skuldbindingu í erlendri mynt væri að ræða. Ekki tókst að jafna ágreining aðila á skipta-fundi og var því ágreiningurinn sendur til úrlausnar héraðsdóms.

Fyrir dómi fór NBI hf. fram á að kröfur bankans í þrotabú M ehf. yrðu viðurkenndar eins og þeim hafði verið lýst. Þrotabú M ehf. fór hins vegar fram á að kröfu NBI hf. yrði hafnað og afstaða skiptastjóra til kröfu NBI hf. í búið yrði staðfest.

Í niðurstöðum héraðsdóms eru ákvæði láns-samnings rakin. Segir dómurinn að deiluefni og atvik í þessu máli séu að mörgu leyti áþekkt þeim ágreiningi sem uppi var í dómi Hæstaréttar Íslands í máli 603/2010 (gengislánadómur), sem fjallað hefur verið um áður hér í Punktinum. Að mati héraðsdóms skipti hvað mestu varðandi efni þess lánsamnings sem hér var til umfjöllunar að lánsfjárhæðin var ákveðin í íslenskum krónum og hún skyldi endurgreidd í sama gjaldmiðli, en tekið fram að endurgreiðslufjárhæðin skyldi skuldfærð af tékkareikningi M ehf. hjá bankanum. Þá var lánið bundið við sölugengi bankans, greiddi M ehf. afborganir, vexti og dráttarvexti í íslenskum krónum, sem benti ótvírætt til að lánið væri í íslenskum krónum. Að því virtu skipti ekki máli þótt fyrir lægi yfirlýsing í lánsamningnum að um sé að ræða fjölmyntalán að „jafnvirði“ tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum.

Fyrir dómi bar NBI hf. að skv. 2. gr. laga um vexti og verðtryggingu hafi verið heimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, enda hafi það verið til hagsbóta fyrir skuldara. Í dóminum segir að M ehf. hafi tekið lán sitt hjá Landsbankanum á árinu 2007. Var þá þegar farið að gæta óstöðugleika á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og ári síðar féll gengi krónunnar mjög mikið. Var því háð óvissu um hvernig höfuðstóll og gengi kynnu að þróast yfir tímabilið, sérstaklega þegar litið var til fjárhæðar lánsins. Svo unnt sé að slá því föstu að gengisbundið lán sé til hagsbóta fyrir M ehf. yrði að líta til þess hvað ætla mætti um það þegar upp væri staðið að lánstíma loknum. Það var á hinn bóginn ekki gert nema með samanburði lánskjara samkvæmt leiðum, sem val stóð um, í ljósi reynslu á tímabili til samræmis við lánstíma.

Var engin frekari sönnun færð fyrir þessari málsástæðu og hún því að dóminum talin haldlaus.

Niðurstaða héraðsdóms var því sú að fallist var á það með þrotabú M ehf. að Landsbankanum hefði verið óheimilt að verðtryggja lán þess fyrrnefnda með því að binda það gengi erlendra gjaldmiðla. Var því kröfum NBI hf. hafnað.

### Leiðbeiningar frá Ríkisskattstjóra - Skipting arðgreiðslu í arð og laun.

*Ríkisskattstjóri hefur birt leiðbeiningar vegna skattskila hvað varðar skiptingu arðgreiðslu í arð og laun.*

Eftirfarandi er svar við fyrirspurn til Ríkisskattstjóra um hvernig eigi að haga staðgreiðsluskilum greidds arðs á árinu 2010. Svarið er birt á heimasíðu Ríkisskattstjóra.

#### Fyrirspurnin var eftirfarandi:

*„Einkahlutafélag greiddi eiganda sínum 1.000.000 kr. í arð 1. júní 2010. Skattalegt eigið fé (reitir 7990 á RSK 1.04, framtal 2010) er 2.000.000 kr. Eigandanum bar að reikna sér endurgjald. Hvernig á að haga staðgreiðsluskilum og hvernig er þetta fært í bókhaldi?“*

#### Svar RSK:

Sá hluti arðgreiðslu sem er umfram 20% af skattalegu eigin fé skal skipt til helminga í arð og laun. Telja skal því 300.000 kr. til launa (1.000.000-(2.000.000x0,2))/2. Staðgreiðsla af arði (18% árið 2010) reiknast því af 700.000 kr. eða 126.000 kr.

Hvað bókhald varðar skal fara með heildar arðgreiðsluna sem hverja aðra arðgreiðslu í bókhaldi og ársreikningi.

Skila skal staðgreiðslu af þeim hluta arðgreiðslunnar sem telst sem laun með staðgreiðslu af launum. Í framangreindu dæmi telst 300.000 kr. til launa og 700.000 kr. til arðs. Staðgreiðslu af launahlutanum bar að skila 15. júlí 2010 og staðgreiðslu af arðinum 4. ágúst 2010.

Í launamiða skal færa þann hluta arðgreiðslunnar sem telst vera laun í skattskilum í reit 02 á launamiða og er þar innifalinn í öðrum launum. Þessi hluti arðgreiðslunnar er einnig frádráttarbær rekstrarkostnaður

félagsins og ber tryggingagjald. Þessi laun og staðgreiðsla af þeim eru ekki sérgreind á launamiða.

Í hlutafjármiða er arðgreiðslan að fullu færð í reit 78 á hlutafjármiða. Í reit 75 er tilgreindur sá hluti sem telst til launa. Í reit 79 er færð inn afdregin staðgreiðsla af þeim hluta sem telst til arðs (700.000 kr.). Staðgreiðsla af launum er ekki tilgreind á hlutafjármiða.

Við framtalsskil og útfyllingu á RSK 1.04 fara síðan öll laun í reit 3030, þar með talinn sá hluti sem er vegna arðgreiðslunnar (300.000 kr.) og leiðrétting gerð í reit 3170 þar sem launin eru færð til samræmis við gjaldfærð laun í ársreikningi. Þá þarf að gjaldfæra þann hluta launanna sem var bakfærður í reit 3170 í skattalegum leiðréttingum. Þá er heildar arðgreiðslan (1.000.000 kr.) færð í reit 6390 fyrir úthlutaðan arð.

Mynd fengin af vef RSK:

**RSK RÍKISSKATTSTJÓRI** **Hlutafjármiði vegna tekjuársins 2010**

**Upplýsingar um hluthafa/eiganda**

01 Kennitala	1212721239	Kennitala forráðsanda ef eigandi er barn
Nafn og heimilisfang	Jón Sigurðsson Aðalgötu 123 101 Reykjavík	

**Upplýsingar um hlutafélag (eða sparisjóð)**

Nafn hlutafélags og kennitala	Lögfræðistofan lögjofnun ehf 410104-1230
-------------------------------	---

<b>Hlutabréf</b>	76 Útp. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu (heild)	75 Per af arður talinn sem laun siku: 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003	79 Staðgreiðsla af arði	36 Dags. arðgreiðsla
		500.000	1.000.000	300.000	126.000	1.6."10
<b>Stofnjárbréf sparisjóðanna</b>	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði	36 Dags. arðgreiðsla	

RSK 2.045

### Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

### Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri  
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

### Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur  
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.